

Ásta Guðrún Beck

Frá: Birgir B Sigurjónsson
Sent: 4. desember 2015 11:14
Til: Ásta Guðrún Beck; Jónas Skúlason
Efni: SV: Umsögn - flugferðir og vildarpunktur

Greinargerðir FMS eru lagðar fram í borgarráði og þannig aðgengilegar almenningi. Innkaupakort eru almennt notuð við kaup á fargjöldum og þau veita ekki vildarpunkta kv Birgir Björn

From: Ásta Guðrún Beck
Sent: 4. desember 2015 09:01
To: Jónas Skúlason; Birgir B Sigurjónsson
Subject: SV: Umsögn - flugferðir og vildarpunktur

Sælir og takk kærlega fyrir umsögnina.

Kannski smá viðbótarspurningar:

Hversu reglulega eru þessar upplýsingar unnar?
Eru þessar upplýsingar birtar einhversstaðar eða aðgengilegar almenningi? Sæjuð þið eitthvað því til fyrirstöðu?
Er Reykjavíkurborg með Vildarviðskiptakort – eða eru það aðeins starfsmennirnir sjálfir sem geta átt slík kort?

Með bestu kveðju,
Ásta

From: Jónas Skúlason
Sent: 1. desember 2015 14:03
To: Birgir B Sigurjónsson; Ásta Guðrún Beck
Subject: SV: Umsögn - flugferðir og vildarpunktur

Innkaupakort Reykjavíkurborgar safna ekki vildarpunktum eins og Vildarviðskiptakortin gera.

JS

From: Birgir B Sigurjónsson
Sent: 1. desember 2015 13:41
To: Ásta Guðrún Beck
Afrit: Jónas Skúlason
Subject: SV: Umsögn - flugferðir og vildarpunktur

Sæl
Fjármálaskrifstofa tekur reglubundið saman yfirlit yfir ferðir starfsmanna og kjörinna fulltrúa til annarra landa. Hægt er að taka saman slíkt yfirlit með upplýsingum um fargjöld og dagpeninga (ferðakostnað). Spurning með hvaða tímabil á að taka. Skrifstofan hefur hins vegar ekki upplýsingar um hvort starfsmenn nýta sér tilboð ákveðinna flugfélaga (s.s. Icelandair, SAS, Delta ofl) um vildarpunkta og hvaða flugfélög bjóða slíkt.
Mbk Birgir Björn

From: Ásta Guðrún Beck
Sent: 1. desember 2015 11:07
To: Birgir B Sigurjónsson
Afrit: Jónas Skúlason
Subject: Umsögn - flugferðir og vildarpunktur

Til fjármálaskrifstofu:

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 30. nóvember sl. var meðfylgjandi hugmynd af samráðsvefnum Betri Reykjavík um birtingu upplýsinga um flugferðir og vildarpunkta lögð fram til afgreiðslu.

Samþykkt var að kalla eftir umsögn fjármálaskrifstofu um hugmyndina og er það hér með gert.

Með bestu kveðju,

Ásta

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.